

Styrkir fyrir myndríka miðlun tengda sögu og menningu í Reykjavík - tillaga og umsögn faghóps

Markmið styrkveitinganna er stuðla að öflugri miðlun menningararfleifðar Reykjavíkur og sögu hennar, en styrkirnir felast í niðurgreiðslu á kostnaði vegna kaupa á ljósmyndum frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Í ár bárust 12 umsóknir um styrk og var sótt um samtals kr. 7.658.014, en til úthlutunar voru kr. 1.500.000. Af því má sjá að eftirspurn er mikil og rétt er að minna á að styrkupp hæð hefur staðið óbreytt frá upphafi sjóðsins árið 2014 og því rýrnað í raun að verðgildi. Vert er að skoða mögulega hækkun á styrktarfé fyrir komandi ár.

Faghópur skipaður þremur fulltrúum menningar- og íþróttasviðs fór yfir umsóknirnar. Lagt er til að átta af þeim tólf umsóknum sem bárust hljóti styrk, og í öllum tilvikum umtalsvert lægri styrk en umsóknin hljóðar upp á. Þær umsóknir sem urðu fyrir valinu voru vandaðar og þykja sérstaklega mikilvægar með tilliti til miðlunar menningararfleifðar Reykjavíkur, en allar umsóknir sem bárust voru áhugaverð verkefni, sem vert hefði verið að styrkja. Lagt er til að eftirfarandi aðilar og verkefni verði styrkt:

Barnavinafélagið Sumargjöf vegna ritverksins *Börn í Reykjavík*, sem fjallar almennt um börn í Reykjavík fram til 12 ára aldurs frá því seint á 19. öld og fram til okkar daga. Verkið er ætlað almenningi og verður myndskreytt með u.þ.b. 550 ljósmyndum, þar af um 170 frá Ljósmyndasafni Íslands. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur er höfundur verksins ásamt Hildi Biering, Sigurjóni Páli Ísakssyni og Sölvi Sveinssyni.

Lagt er til að verkefnið hljóti 300.000 kr. styrk.

Einar Kári Jóhannesson vegna heimildamyndarinnar *Trúin á tæknina* í samstarfi við Verkfræðingafélag Íslands. Um er að ræða heimildamynd um sögu tækniframfara og verkfræði á Íslandi, þar sem megináherslan er á innviðauppbyggingu þar sem höfuðborgin spilar lykilhlutverk. Ráðgert er að nota 77 myndir frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur í myndinni. Heimildamyndin er ætluð almenningi og áætlað er að sýna myndina á RÚV. Einar Kári er höfundur og framleiðandi ásamt Adrian Frey Rodriguez.

Lagt er til að verkefnið hljóti 200.000 kr. styrk.

Forlagið vegna bókarinnar *Reykjavík þá og nú*. Bókin verður í stóru broti, prentuð á vandaðan pappír og bregður upp nýrri mynd af borginni og þróun hennar. Alls verða um 60 myndir frá Ljósmyndasafninu í bókinni.

Lagt er til að verkefnið hljóti 200.000 kr. styrk.

Forlagið vegna bókarinnar *SUND*, sem fjallar um einstæða sundlaugamenningu Íslendinga. Í bókinni verður farið yfir upphaf sundlaugamenningarinnar hérlandis, þróun hennar og áhrif á þjóðina. Sundlaugar Reykjavíkur verða fyrirferðarmiklar í þessari efnismiklu yfirferð og eru Sundhöll Reykjavíkur og Sundlaug Vesturbæjar meðal annars teknar fyrir sem nokkur aðaldæmi bókarinnar, en aðrir staðir eins og Laugardalslaug, Árbæjarlaug og Nauthólsvík koma einnig verulega við sögu. Bókin verður litprentuð með yfir 150 ljósmyndum. Katrín Snorradóttir og Valdimar Tr. Hafstein eru höfundar bókarinnar.

Lagt er til að verkefnið hljóti 150.000 kr. styrk.

Halldóra Arnardóttir vegna útgáfu bókar um arkitektinn Skarphéðinn Jóhannsson (1914-1970) sem inniheldur um 60 ljósmyndir af Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Skarphéðinn tók þátt í nútímavæðingu borgarinnar og íslensks samfélags t.a.m. í tengslum við skólamál, skrifstofur og mjólkuriðnað og teiknaði m.a. Laugardalshöllina ásamt Gísla Halldórssyni, Landsbankann við Laugaveg 77, Hagaskóla, Casa Nova við MR og Menntaskólann við Hamrahlíð. Margar byggingar Skarphéðins hafa breyst frá fyrstu árum þeirra og gefur bókin þannig innsýn í upprunalegar hugmyndir arkitektsins sem mótaði umhverfið.

Lagt er til að verkefnið hljóti 150.000 kr. styrk.

Samtök hernaðarandstæðinga vegna rits um íslenska friðarbaráttu og fjöldahreyfingar sem börðust gegn hernaðarhyggju og erlendum herstöðvum á Íslandi á árabílinu 1946-2006. Þessi barátta litaði sögu Reykjavíkur umfram öll önnur sveitarfélög á landinu. Lýst er mótmælaaðgerðum, kröfugöngum þar sem Keflavíkurhöfn ber hæst, fjöldafundum, götuaðgerðum, átökum við lögreglu og ýmiskonar uppákomum öðrum sem settu svip á mannlífið í höfuðstaðnum. Sögufélagið mun gefa bókina út. Ritstjóri er Árni Hjartarson og í ritstjórn sitja Sverrir Jakobsson, Stefán Pálsson, Ingibjörg Haraldsdóttir, Sigþrúður Gunnarsdóttir, Elvar Ástráðsson, Einar Ólafsson, Goddur og Unnur María Máney Bergsveinsdóttir.

Lagt er til að verkefnið hljóti 200.000 kr. styrk.

Hildigunnur H. Gunnarsdóttir vegna bókar um Gunnar Hansson arkitekt (1925 – 1989), sem teiknaði m.a. Umferðarmiðstöðina, Borgarbókasafnið við Sólheima og strætisvagnstöðvar SVR við Kalkofnsveg, Lækjartorg, Bústaðaveg og Hlemm. Gunnar var einnig mikilvirkur í hönnun skólabygginga fyrir Reykjavíkurborg og beitti sér fyrir friðun Bernhöftstorfunnar. Ráðgert er að bókin innihaldi 57 myndir frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur sem gefi gott yfirlit yfir sögu og þróun ásyndar Reykjavíkur frá því um miðja síðustu öld. Framleiðendur verksins eru Hildigunnur Gunnarsdóttir, Hulda Stefánsdóttir, Helga Gunnarsdóttir og Kristín Gunnarsdóttir.

Lagt er til að verkefnið hljóti 150.000 kr. styrk.

Bókaútgáfan Skrudda vegna útgáfu bókarinnar *Silfuröld revíunnar* sem fjallar um revíur á Íslandi 1957-2015. Áður hefur Gullöld revíunnar komið út hjá Skruddu og fjallaði hún um revíur á Íslandi 1880-1957. Una Margrét Jónsdóttir ritar bókina, sem inniheldur 56 myndir frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Lagt er til að verkefnið hljóti 150.000 kr. styrk.